

KIRKJUGARÐARÁÐ

**10. fundur haldinn 2. júní 2003
kl. 10:00 í fundarsal Biskupsstofu.**

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson oddviti fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs. Kristín Huld Sigurðardóttir sat fundinn til kl. 11: 00, en þá kom Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og ritaði fundargerð.

Gestir: Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands og Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur Biskupsstofu.

1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn kl. 10:15.

2. Gjaldalíkan

Þórsteinn Ragnarsson kynnti gjaldalíkan sem starfshópur KGSÍ vann. Líkanið sem miðað er við rekstrarárið 2000 og snýst um að garðarnir fái greitt fjármagn til rekstrar miðað við ákveðna liði sem eru breytilegir, t.d. prestskostnaður og grafartaka. Rekstrarliðir líkansins eru allir nauðsynlegir, svo unnt sé að hirða garðana og halda þeim við. Flestir smærri kirkjugarðar hafa ekki nægilegt fjármagn til þess nú. Líkanið hefur verið kynnt á fundum með fjölmörgum kirkjugarðsstjórnnum, á mörgum héraðsfundum, prófastafundum og víðar. Á fundi KGSÍ 10. mars sl. var fyrirkomulag gjaldalíkansins samþykkt með miklum meirihluta, aðeins þrjú kirkjugarðar greiddu atkvæði á móti líkaninu: Hafnarfjörður, Lágafell og Þorlákshöfn.

Kristín Huld Sigurðardóttir vék af fundi kl. 11 og Margrét Hallgrímsdóttir tók við ritun fundargerðar.

Helstu niðurstöður líkansins eru þær, að tekjuþörfin sé rúmlega 80 mkr. meiri en rauntekjur kirkjugarða á landinu voru árið 2000. Skýringuna er að finna í staðsetningu garða. Vísað er til skýrslu og kynningar á gjaldalíkani sem flutt var á fundinum „Skýrsla um fjármál kirkjugarða“ KGSÍ, mars 2003.

Næstu skref að mati starfshóps: Skýrslan verði lögð fram til afgreiðslu í Kirkjuráði og Kirkjugarðaráði. Verði skýrslan afgreidd jákvætt verði hún kynnt fyrir embættismönnum ráðuneytanna og síðan fer hún fyrir Kirkjubing í haust. Samhliða hefst vinna við lagabreytingar.

Sýn starfshóps: Ef Kirkjubing afgreiðir skýrsluna jákvætt fær Alþingi málið til afgreiðslu, líklega á vorþingi 2004. Ný lög gætu e.t.v litið dagsins ljós 2004 eða 2005.

Biskup lýsti yfir ánægju með vandaða og vel unna skýrslu starfshóps.

Umræða varð um skýrsluna. Kirkjugarðaráð er sammála skýrslu starfshóps og samþykkti tillögur sem fram komu í skýrslunni. Kirkjugarðaráð samþykkti að gjaldalíkanið verði kynnt fyrir dóms-og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra. Skýrslan verður lögð fram í Kirkjuráði þann 11. júní n.k. Biskup vék af fundi. Geisladiskur með kynningu starfshóps verði varðveittur með skýrslufrumriti í skjalasafni Biskupsstofu.

3. Lögfræðialit vegna styrkumsóknar Landakotskirkju

Lögfræðialit vegna styrkumsóknar um rekstur kirkjugarðs í Landakoti lagt fram. Kirkjugarðaráð, að fengnu álit, telur sér ekki fært að taka þátt í kostnaði grafreita í Landakoti, sbr. hjálagt lögfræðialit.

4. Fundaplan

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 31. júlí kl. 11:00 og þar næsti þann 8. september kl. 11:00. Síðan 13. október, 10. nóvember og 8. desember 2003.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:30.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari